

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1989

1. febrúar 1989

49

Nr. 28

REGLUGERÐ

um bann við veiðum við suðurströndina.

1. gr.

Frá og með 3. febrúar 1989 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði, sem markast af fjöruborði að norðanverðu og línur sem dregnar eru milli eftirgreinda punkta:

1. 63°47'0 N – 17°10'0 V
2. 63°41'6 N – 17°10'0 V
3. 63°40'2 N – 17°31'0 V
4. 63°30'0 N – 17°48'0 V
5. 63°20'0 N – 18°20'0 V
6. 63°26'0 N – 18°20'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. febrúar 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

2. febrúar 1989

REGLUGERÐ

Nr. 29

um bann við dragnóta- og línuveiðum í Eyjafirði.

1. gr.

Frá og með 3. febrúar til og með 10. mars 1989 eru allar veiðar með línu og dragnót bannaðar á Eyjafirði innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1. 66°04'0 N – 18°31'6 V
2. 66°03'0 N – 18°17'5 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 5